



Undir Esjunni

opið þing um vistvæna byggð

26. janúar 2002





Undir Esjunni

opið þing um vistvæna byggð

Haldið í Fólkvangi, Kjalarnesi
26. janúar 2002



Unnið fyrir

Reykjavíkurborg

Í samvinnu við

Samstarfsráð Kjalarness, skipulags- og byggingarsvið
og þróunar- og fjölskyldusvið Reykjavíkurborgar



Umsjón

Alta ehf

Hlíðasmára 8
201 Kópavogur
Sími 533 1670
www.alta.is



Í samvinnu við

John Thompson & Partners



Þakkir

Íbúar Kjalarness og aðrir gestir sem tóku þátt í opnu þingi um vistvæna byggð á Kjalarnesi fá þakkir fyrir sitt framlag. Íþróttar- og tómstundaráð fær þakkir fyrir lán á Fólkvangi til þinghaldsins og er Guðna Indriðasyni húsverði þökkun aðstoð. Einnig fá nemendur, kennarar og skólastjórnendur Klébergsskóla kærar þakkir fyrir sitt framlag. Sigþóri Magnússyni færum við þakkir fyrir lán á ljósmyndum og foreldrafélagi leikskólans fyrir umsjón með veitingum.

Starfsfólk frá Reykjavíkurborg

Skipulags- og byggingarsvið: Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, Björn Axelsson, Björn Ingi Edvardsson, Haraldur Sigurðsson, Hrönn Svansdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, Ólöf Örvarsdóttir, Þórarinn Þórarinsson.

Þróunar- og fjölskyldusvið: Halldóra Gunnarsdóttir.

Starfsfólk frá Alta

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, Elín S. Harðardóttir, Halldóra Hreggviðsdóttir, Heiða Björk Sturludóttir, Jóhanna B. Magnúsdóttir, Marta Grettisdóttir, Sigþór U. Hallfreðsson, Sigurður Mar Halldórsson og Jonathan Davis, starfsmaður frá John Thompson & Partners.

Samstarfsráð Kjalarness

Ásgeir Harðarson, formaður, Jóna Gróa Sigurðardóttir, Ólafur Jón Guðjónsson, Sigríður Pétursdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir og Jónas Vigfússon, fyrrverandi formaður.

Stýrihópur verkefnisins

Ásgeir Harðarson, formaður Samstarfsráðs Kjalarness, Halldóra Gunnarsdóttir, þróunar- og fjölskyldusviði, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, skipulags- og byggingarsviði, Þórarinn Þórarinsson, skipulags- og byggingarsviði.

Ljósmyndir: Sigurður Mar Halldórsson, nema þar sem annars er getið.

Forsíða skýrslu: HUNANG - Grafísk hönnun.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Inngangur	
Byggð á Kjalarnesi	3
Aðdragandi og undirbúningur	3
Aðferðin	4
Aðalskipulag Reykjavíkur	5
Opið þing um vistvæna byggð	
Dagskrá	6
Þingið	7
Niðurstöður hópa	
Niðurstöður vinnuhópa	10
Niðurstöður skipulagshópa	22
Niðurstöður	
Framtíðarsýn á skipulagsmál	33
Umbótaverkefni	37
Grundarhverfi	38
Framtíðarsýn fyrir Grundarhverfi	40
Vistvæn byggð á Kjalarnesi	41
Eftirfylgni	43
Lokaorð	45

Kaflarnir Niðurstöður skipulagshópa og Framtíðarsýn á skipulagsmál voru í umsjón Skipulags- og byggingarsviðs.

Allar tilvitnanir komu frá þátttakendum á opna þinginu á Kjalarnesi, nema annað sé tekið fram.



Undir Esjunni
Ópið þing um vistvæna byggð

Ágrip

Hugmyndin um vistvæna byggð var meðal þess sem fjallað var um við sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur 1998. Í október árið 2000 samþykkti Borgarráð síðan að fela samstarfsráði Kjalarness og Borgarskipulagi, nú skipulags- og byggingarsviði, að vinna áfram að þessum hugmyndum. Þing, undir yfirskriftinni "Undir Esjunni, opið þing um vistvæna byggð" var haldið þann 26. janúar 2002, í því skyni að kalla eftir hugmyndum íbúa og annarra áhugasamra um vistvæna byggð á Kjalarnesi. Umsjón þingsins af hálfu borgarinnar var í höndum ofangreindra aðila og þróunar- og fjölskyldusviðs sem fengu ráðgjafarfyrirtækið Alta til liðs við sig við framkvæmd þess. Beitt var aðferð samráðsskipulags og var það í fyrsta sinn sem það var gert við skipulagsverkefni hérlandis. Samtals tóku um 150 manns þátt í verkefninu með einum eða öðrum hætti.



Teymi ásamt varaformanni skipulags- og byggingarnefndar að lokinni kynningu á niðurstöðum.

Niðurstaða þingsins varðandi skipulagsmál var í megin dráttum samstíga þeim áherslum sem fram koma í Aðalskipulagi fyrir Reykjavík 2001-2024, þ.e. að stefnt verði að því að viðhalda að mestu núverandi landnotkun á Kjalarnesi sem að stærstum hluta er landbúnaðarsvæði og að Grundarhverfi haldi einkennum sínum sem þorp í borginni. Tekið er fram að við skipulag á Kjalarnesi skuli taka mið af því sem er að gerast í þróun vistvænnar byggðar á alþjóðavettvangi. Niðurstöður þingsins verða nú hluti af forsögn að áframhaldandi skipulagsvinnu fyrir Kjalarnes.

Skilgreind voru umbótaverkefni, sem samstarfsráð Kjalarness hefur fylgt eftir með formlegum hætti. Í kjölfar þingsins áttu íbúar frumkvæði að stofnun Íbúasamtaka Kjalarness sem þegar hafa tekið að sér að fylgja eftir niðurstöðum þingsins í vissum málaflokkum.



Megin niðurstaða þingsins var sú að vilji er hjá íbúum til að þróa Grundarhverfi og fleiri svæði á Kjalarnesi í átt til vistvænnar byggðar og komu fram ýmsar hugmyndir í því efni. Kemur það í hlut borgaryfirvalda að móta stefnu um nánari útfærslur og framkvæmd verkefnis um vistvæna byggð á Kjalarnesi í áframhaldandi samvinnu og samráði við íbúa.



Inngangur

Byggð á Kjalarnesi

Árið 1929 var reistur barnaskóli á Klébergi og rúmum 20 árum síðar var þar reistur skólastjórabústaður. Skömmu síðar eða um 1960 hófst bygging Fólkvangs og voru þessar byggingar fyrsti vísirinn að Grundarhverfi. Skipulagning og bygging hverfisins hófst síðan árið 1975. Þar er nú risin byggð með rúmlega 400 íbúa. Grundarhverfi er jafnframt þjónustukjarni fyrir byggðina þar sem er m.a. félagsheimilið Fólkvangur, leikskóli og grunnskóli, bensínstöð og verslun. Á svæðinu öllu sem afmarkast af Leirvogsa í austri og af Kiðafellsa í norðri búa nú um 750 íbúar.



Hefðbundinn búskapur hefur lengstum verið helsta atvinnugreinin á Kjalarnesi en hefur að mestu vikið fyrir fiskeldi, skógrækt, svína-, kjúklinga- og eggjaframleiðslu. Einnig er kominn töluverður atvinnurekstur á Esjumela, þar sem meðal annars er starfrækt steinverksmiðja, trésmíðaverkstæði, sandblástursfyrirtæki og framleiðsla húseininga.

Aðdragandi og undirbúningur

Opið þing um vistvæna byggð á Kjalarnesi hefur átt sér nokkurn aðdraganda. Árið 1994 fór af stað jarðgerðartilraun á vegum Iðntæknistofnunar sem 20 fjölskyldur á Kjalarnesi tóku þátt í. Eflaust hefur þessi tilraun átt sinn þátt í að kynda undir frekari áhuga Kjalnesinga á vistvænum lífsháttum því í tillögu samstarfsnefndar um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur í apríl 1997, var varpað fram þeirri hugmynd „...að framtíðarsýn fyrir skipulag á Kjalarnesi taki mið af því sem er að gerast á alþjóðlegum vettvangi í þróun byggðar, það er þróun vistvænnar byggðar.“ Í tillögunni kom einnig fram sú ósk að við undirbúning að skipulagningu byggðarinnar yrði unnið „...með hliðsjón af óskum heimamanna.“



Þannig var búið að gefa tóninn að skipulagningu byggðar á Kjalarnesi sem vistvænni byggð sem skipulögð yrði í samráði við heimamenn. Borgarráð samþykkti því næst svohljóðandi tillögu á fundi 31. október 2000:

“Borgarráð samþykkir að fela skipulags- og byggingarnefnd í samvinnu við samstarfsráð Kjalarness að vinna að undirbúningi að nýrri gerð íbúðahverfis á Kjalarnesi sem taki mið af staðháttum og því rými sem Kjalarnes hefur upp á að bjóða og þeirri framtíðarsýn sem kemur fram í tillögu samstarfsnefndar um sameiningu Kjalarness og Reykjavíkur frá 1997 um vistvæna byggð á Kjalarnesi.”





Í framhaldi af samþykkt tillögunnar ákvað Samstarfsráð Kjalarness að kanna hug íbúa til vistvænnar byggðar og átti því frumkvæði að opnu þingi um vistvæna byggð á Kjalarnesi í lok janúar 2002.

Eftir að borgarráð hafði, í október 2001, samþykkt tillögu Samstarfsráðs Kjalarness um að þar yrði haldið opið þing um vistvæna byggð, hófst undirbúningsvinna. Stýrihópur hélt utan um verkefnið af hálfu borgarinnar og vann með verkefnastjóra Alta. Í stýrihópnum sátu fulltrúar frá Samstarfsráði Kjalarness, skipulags- og byggingarsviði og þróunar- og fjölskyldusviði.

Þann 26. nóvember var haldinn undirbúningsfundur með landeigendum á Kjalarnesi og öðrum hagsmunaaðilum.

Unnið var með börnum í Klébergsskóla, í vikunni fyrir þingið á svipaðan hátt og gert var með þeim fullorðnu á opna þinginu.

Dagskrá þingsins var send í dreifibréfi í öll hús á Kjalarnesi og til annarra hagsmunaaðila sem boðaðir höfðu verið á undirbúningsfundinn í nóvember. Einnig voru sendar út fréttatilkynningar til fjölmiðla og auglýst í dagblöðum, auk þess sem send var kynning um tölvupóst til skilgreindra markhópa. Umsjón með kynningu á þinginu var í höndum þróunar- og fjölskyldusviðs.


Aðferðin

Aðferðin sem notuð var á íbúaðþinginu hefur verið kölluð "samráðsskipulag", sem vísar til enska hugtaksins "Community Planning".

Með samráðsskipulagi gefst öllum sem þess óska, jafnt fagaðilum, sem íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kostur á að leggja sitt af mörkum við mótun síns samfélags, hvort sem um er að ræða skipulag eða aðra almenna stefnumótun.

Notaðar eru einfaldar vinnuaðferðir sem skila miklum upplýsingum á stuttum tíma um þau mál sem helst brenna á þátttakendum. Aðferðin dregur fram sameiginlegar skoðanir, frekar en það sem aðgreinir. Ólíkir aðilar koma saman, tjá sín sjónarmið og hlusta hver á annan og þegar niðurstöður liggja fyrir, eiga allir þátttakendur hlut í útkomunni.

Samstarfsaðili Alta á þessu sviði er breska fyrirtækið John Thompson & Partners, sem sérhæfir sig í notkun þessarar aðferðar og hefur unnið verkefni víða í Evrópu. Fulltrúi frá fyrirtækinu starfaði við opna þingið á Kjalarnesi.



Inngangur

Aðalskipulag Reykjavíkur

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er svæðið meðfram Esjuhlíðum skilgreint sem landbúnaðarsvæði þar sem jafnframt verði smábýli og íbúðir tengdar þeim. Tekið er frá svæði til síðari uppbyggingar, eftir 2024 á Álfsnesi og austan Vesturlandsvegar, upp með Leirvogsá og Kollafjarðará. Á því svæði er gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og atvinnustarfsemi.

Landfrekum atvinnugreinum er gefið pláss á Esjumelum og vestan og meðfram Vesturlandsvegi. Í Aðalskipulaginu er talsverð áhersla lögð á Kjalarnes sem útivistarsvæði. Gert er ráð fyrir grænum trefli sem teygi sig með hlíðum Esju, inn að Blikdal og Miðdal og austur af Mógilsá í átt að Stardal. Austan fyrirhugaðrar byggðar, austan Vesturlandsvegar er gert ráð fyrir hesthúsabyggð, kirkjugarði og golfvelli. Einnig er gert ráð fyrir nýjum golfvelli á Kjalarnesinu sjálfu.

Áætlað er að Sundabraut verði lögð frá Geldinganesi yfir í Álfsnes og yfir Kollafjörð og að ný tengibraut verði lögð ofan byggðar í Grundarhverfi frá Vesturlandsvegi. Einnig er gert ráð fyrir undirgöngum á Vesturlandsvegi á mótis við Klébergsskóla fyrir gangandi vegfarendur.

Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu í Grundarhverfi og byggðin þar þróist til vesturs meðfram Hofsvík. Alls er gert ráð fyrir að byggðar verði 220 íbúðir á þessu svæði á skipulagstímabilinu. Almennt er ekki gert ráð fyrir miklum þéttleika byggðar en miðað er við að hlutfallið sé um 10 íbúðir á hektara. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir lágri byggð á 1-3 hæðum á frekar stórum lóðum og að stærstum hluta sé um sérbýli að ræða. Almennt er miðað við að þéttbýliskjarninn í Grundarhverfi og fyrirhuguð byggð í framhaldi hverfisins taki mið af þeirri þróun sem er að gerast í skipulagi vistvænnar byggðar m.t.t. orkunýtingar, byggingarefna og hvernig staðið verður að sorpmálum og almennra umhverfisgæða.

Í Aðalskipulaginu er efnistaka innan svæðisins takmörkuð og ekki er gert ráð fyrir henni innan gróðursvæðisins í hlíðum Esjunnar, þ.e. "Græna trefilsins", á útivistarsvæðum til sérstakra nota, á óbyggðum svæðum skv. skilgreiningu á landnotkun á landnotkunarkorti Aðalskipulagsins.



Undir Esjunni

Opið þing um vistvæna byggð

Laugardaginn 26. janúar 2002 í félagsheimilinu Fólkvangi á Kjalarnesi

Á þinginu verða notaðar einfaldar og skemmtilegar vinnuaðferðir sem nú verður beitt í fyrsta sinn í tengslum við skipulagsvinnu hér á landi.

Allir geta sett fram sín sjónarmið – þín skoðun skiptir máli!

Þú getur litið inn og tekið þátt í einum vinnuhópi eða fleiri eða verið með allan daginn.

Fyrri hluti:

Kl. 10:00 Setning, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri

Vinnuhópar:

Kl. 10:15 Umhverfi og útivist

- Vistvæn byggð - möguleikar á Kjalarnesi
- Hvernig viljum við nýta útivistarmöguleikana?

Samgöngur

- Má bæta samgöngur á Kjalarnesi?
- Vistvænar samgöngur og umferðaröryggi.

Kl. 11:45 Hópar kynna niðurstöður. Einnig kynna nemendur Klébergsskóla hugmyndir um vistvæna byggð

Kl. 12:30 Hádegismatur seldur á kostnaðarverði

Vinnuhópar:

Kl. 13:15 Atvinnumál á vistvænum forsendum

- Sóknarfæri fyrir núverandi atvinnustarfsemi?
- Ný atvinnutækifæri.

Vistvæn byggð og mannlíf

- Hvað er vistvæn byggð?
- Hvernig getur Grundahverfi vaxið sem vistvæn byggð?
- Umhverfisvitund og gott mannlíf.

Kl. 14:30 Kaffihlé og hópar kynna niðurstöður

Skipulagshópar:

Kl. 15:00 Skipulagsvinna

Meðal viðfangsefna er: Vistvæn byggð í Grundahverfi og á Álfsnesi, skógarbyggð, vistvæn heimili og lifnaðarhættir og framtíðarsýn fyrir byggð undir Esjunni.

Kl. 16:30 Kaffihlé og hópar kynna niðurstöður

Kl. 17:00 Næstu skref – allir taka þátt

Kl. 18:00 Þingslit

Seinni hluti:

Í Fólkvangi þriðjudaginn 29. janúar kl. 20:00 verða niðurstöður þingsins kynntar. Allir velkomnir og er aðgangur ókeypis. Hægt er að sitja allt þingið eða líta við. Boðið verður upp á kaffiveitingar og barnapössun á meðan þing stendur yfir. Þetta er þitt tækifæri til að taka þátt í skipulagningu vistvænnar byggðar á Kjalarnesi, ekki láta það fram hjá þér fara.

Þingið

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri, setti þingið kl. 10, laugardagsmorguninn 26. janúar 2002, í félagsheimilinu Fólkvangi. Því næst skiptu viðstaddir sér í tvo vinnuhópa, um umhverfi og útivist annars vegar og samgöngur hins vegar.

Áður hafði verið unnið með börnum og unglingum í Klébergsskóla og voru myndir barnanna til sýnis ásamt hluta af verðlaunaverkefni skólans um orkumál, frá Orkuþingi í október 2001.

Þegar hóparnir höfðu lokið störfum, kynntu fulltrúar þeirra niðurstöður sem og börn og unglingar úr Klébergsskóla.

Eftir hádegishlé var tveimur viðfangsefnum slegið saman í einn hóp, þ.e. vistvæn byggð og mannlíf og atvinnumál á vistvænum forsendum.

Því næst settust þátttakendur að skipulagi og teiknuðu hugmyndir sínar á kort og loftmyndir. Fimm hópar störfuðu, sem fjölluðu um útivist, samgöngur, vistvæna byggð og miðkjarna Grundarhverfis og einn hópur unglinga setti niður skipulagshugmyndir fyrir Grundarhverfi. Þegar hóparnir höfðu kynnt niðurstöður sínar, settust þátttakendur að lokum í hring og ræddu um næstu skref. Þinginu lauk kl. 18:00.

Úrvinnsla

Unnið var úr niðurstöðum á þremur dögum og var úrvinnslan tvískipt. Annars vegar var unnið úr niðurstöðum almennra vinnuhópa og var sú úrvinnsla í höndum Alta. Hins vegar voru dregnar saman niðurstöður skipulagshópa í forsögn að skipulagi fyrir Grundarhverfi og hafði skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar umsjón með þeim hluta.

Kynning niðurstaðna

Þriðjudagskvöldið 29. febrúar voru niðurstöður þingsins kynntar í máli og myndum. Formaður Samstarfsráðs setti fundinn, en síðan tóku fulltrúar Alta og skipulags- og byggingarsviðs við og kynntu helstu niðurstöður. Á fundinum var gerður góður rómur að skipulagsútfærslu fyrir Grundarhverfi og ríkti almenn sátt um niðurstöðurnar.

Þátttaka

Tæplega 100 manns tóku þátt í þinginu, en áður hafði verið unnið með 32 börnum í Klébergsskóla og haldinn undirbúningsfundur með ríflega 40 manns. Til kynningarinnar mættu um 80 manns og á fundi um eftirfylgni sem haldinn var 27. febrúar, mættu um 30 íbúar og var almennur áhugi á að fylgja niðurstöðum þingsins eftir að krafti.



„Hér á Kjalarnesi hefur ákveðinn grunnur verið lagður sem vonandi verður byggt á hér í dag“





Niðurstöður vinnuhópa

1. Umhverfi og útivist
2. Samgöngur
3. Vistvæn byggð og mannlíf – Atvinnumál á vistvænum forsendum
4. Klébergsskóli - 4. bekkur
5. Klébergsskóli - 9. - 10. bekkur
6. Næstu skref


Niðurstöður skipulagshópa

7. Draumabærinn /draumamiðbærinn
8. Vistvæn byggð. Í átt að útópíu – á leið til himna
9. Samgöngur – hreyfing í fyrirrúmi
10. Útivist í öndvegi
11. Hjartað í byggðinni
12. Hugmyndir frá leikskólabörnum

Hver skipulagshópur teiknaði sínar hugmyndir og væntingar á uppdrátt af svæðinu og gaf þeim nafn. Hugmyndirnar voru síðan dregnar saman af starfsmönnum skipulags- og byggingarsviðs og eru settar fram í þessum kafla.

- Auka þarf skjólmyndun, með skógrækt og mönum, með aðkomu fleiri aðila en heimamanna.
- Kjalarnes verði aðlaðandi útivistarsvæði með stígum, áningarstöðum og góðum merkingum og upplýsingum.
- Fjölga þarf göngu- og hjólastígum í hverfinu og leggja stíg meðfram sjónum.
- Bæta þarf aðstöðu fyrir hestamennsku, hesthúsahverfi og fleiri og öruggari reiðleiðir.
- Ólíkir íbúar og ólíkir hagsmunir, t.d. búskapur annars vegar og aðgengi eða stígar, hins vegar.
- Mengun og óprýði, s.s. lykt frá landbúnaðarstarfsemi, malarnámur, fjörur, frágangur við íbúðarhús.
- Meiri eða minni lýsingu á Kjalarnesi og í Grundarhverfi?

- Skógræktaráttak í samvinnu íbúa, félagasamtaka og borgaryfirvalda, t.d. með aðkomu vinnuskóla.
- Gert verði heildstætt skipulag fyrir svæðið með stígum, útivistarsvæðum og áningarstöðum.
- Komið verði á fót nefnd hagsmunaaðila til að móta tillögur að heildarskipulagi reiðvega.
- Bæta merkingar og setja upp upplýsingaskilti um sögu, örnefni og þess háttar.
- Unnið verði að því að sætta ólík sjónarmið íbúa til útiveru og samræma göngustígakerfi og landbúnað.
- Íbúar sýni samstöðu og vinni saman að því að fegra umhverfi sitt.



1. Umhverfi og útivist

Í kjölfarið á setningarræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, borgarstjóra, fór af stað vinnuhópur um umhverfi og útivist á kjalarnesi. Þátttakendur í hópnum voru rúmlega 40, þar af var um helmingur íbúar Kjalarness en aðrir þátttakendur komu víðsvegar að úr nággranna-byggðarlögum, ýmist vegna áhuga á svæðinu til útivistar eða til búsetu í framtíðinni. Mörg málefni voru reifuð innan hópsins. Hér á eftir verður helstu málefnum gerð skil.

Veðráttá og skógrækt

Gróðurleysi og slæm veðráttá sökum snarpra vinda voru ofarlega í huga þátttakenda. Mikið var rætt um mögulegar leiðir til þess að sporna við vindum sem blása um svæðið og gera alla ræktun matjurta eða gróðurs erfiða ásamt því sem útivist á svæðinu verður minna aðlaðandi. Gera þarf átak í skógrækt og skjólbeltagerð. Þátttakendur voru sammála um að meiri gróður þyrfti í Grundarhverfi til þess að gleðja augað og hvatt var til samvinnu m.a. vinnuskólans, Skógræktar ríkisins, skógræktarfélaga, landeigenda o.fl.

Göngu-, hjólræiða- og reiðstígar

Nauðsynlegt var talið að fleiri stígar yrðu lagðir um Kjalarnes jafnt innan Grundarhverfis sem utan þess til þess að gera alla útivist og samgöngur innan byggðar betri. Mikill áhugi kom fram hjá þátttakendum á göngu- og hjólræiðastígum meðfram ströndinni og reiðstígum undir Esjuhlíðum. Nefnt var að setta þyrfi ólíka hagsmuni útivistarfólks og íbúa annarsvegar og landeigenda hins vegar hvað varðar stígagerð.

Hestamennska

Fram kom hjá hestamönnum meðal þátttakenda að mjög skorti á aðstöðu fyrir hestamenn. Var þá bæði verið að fjalla um reiðstíga og hesthús. Einnig kom fram að það vantaði hestamiðstöð eða einhverskonar hesthúsaðhverfi á Kjalarnesið enda mikið að hestamönnum sem þar búa og vilja hafa þessa aðstöðu í sinni heimabyggð. Nefnt var að reiðstígar þyrftu að vera fleiri og öruggari.

Umhirða og umgengni

Talsvert var komið inn á óþef frá landbúnaðarstarfsemi á svæðinu og óþrýði af illa frágengnum malarnámum eða lóðum íbúarhúsa. Þátttakendur höfðu áhuga á að gera átak í þessum málum með aðstoð yfirvalda og gera jafnvel ákveðinn dag að hreinsunardegi sem í leiðinni væri hátíðisdagur Kjalarness.



„Það er svo óregluleg veðráttan hérna - það er annað hvort rok eða logn“

„Stórt og mikið fjall, alveg við bæjardyrnar og við erum líka með sjóinn“



„Nýta náttúruna á Kjalarnesi fyrir malbiksbörn Reykjavíkur“




2. Samgöngur

Málefni

- Vesturlandsvegur klýfur byggðina; vantar undirgöng fyrir göngu-, hjóla- og hestafólk.
- Vantar lýsingu á Vesturlandsveg.
- Þarf að bæta umferðaöryggi vegna aukins umferðapunga.
- Of langt til Reykjavíkur – miðborgarinnar.
- Almenningsamgöngur ekki nægilega góðar; tímasetningar og tíðni.
- Vantar göngu-, hjóla- og reiðstíga.

Aðgerðir

- Bæta umferðaröryggi ; m.a. með undirgöngum, tengibrautum, að- og afreinum, lýsingu og merkingum.
- Sundabraut verði sett í forgang.
- Leggja áherslu á skjólgóða stíga frá fjalli að fjöru, einnig innan Grundarhverfis.
- Stígakerfi á Kjalarnesi tengist stíganeti höfuðborgarsvæðisins.
- Hesta-, göngu- og hjólreiðastíg meðfram Esjunni og greiðfærari leið upp á fjallið, e.t.v. með lyftu.
- Bættar almenningsamgöngur með tíðari strætóferðum og heppilegri tímasetningum, e.t.v. sjóleiðina.
- Leita leiða til að hvetja til vistvænni ferðamáta, t.d. metanbíla og hreyfihitara.



Á súluritinu má glöggjt sjá aukningu bílaumferðar við Esjuberg eftir að Hvalfjarðar-göngin voru tekin í notku.

2. Samgöngur

Vinnuhópur um samgöngur hóf störf í upphafi þingsins um leið og hópur um umhverfi og útivist. Þátttakendur voru tæplega 40. Margar góðar hugmyndir komu fram um það hvernig bæta megi samgöngur á Kjalarnesi.

Fjarlægðir

Það kom fram í vinnuhópnum að fjarlægðir frá Kjalarnesi til þjónustusvæða eins og Mosfellsbæjar og Reykjavíkur er vandamál. Margir þurfa að sækja vinnu og helstu þjónustu langar leiðir daglega sem er kostnaðarsamt og þar að auki á skjön við hugmyndir um vistvæna byggð. Þátttakendur vildu setja lagningu Sundabrautar í forgang þar sem hún myndi bæði fela í sér minni mengun og vera fjárhagslega hagkvæm fyrir íbúa. Mælt var með því að þjónusta yrði aukin til þess að komast hjá kostnaði og mengun sem hlýst af notkun einkabílsins.

Umferðarpungi og umferðaröryggi

Þátttakendur létu í ljósi áhyggjur af auknum umferðarpunga á Vesturlandsvegi sem veldur því að byggðin er klofin í tvennt af stórfljóti bíla. Íbúar eiga í miklum erfiðleikum með að komast þarna yfir og var lagt til að byggð yrðu undirgöng undir Vesturlandsveginn við Grundarhverfi. Umferðaröryggi yrði bætt stórlega með af- og aðreinum ásamt tengibrautum. Mikil áhersla var lögð á að lýsa Vesturlandsveginn frá Mosfellsbæ að Hvalfjarðargöngunum til þess að auka umferðaröryggi.

Almenningssamgöngur

Fólk var almennt sammála um það að almennings-samgöngur þyrfti að bæta. Strætisvagnaferðir væru of strjálar og tímasetning ferða ekki nægilega vel hugsuð. Til úrbóta voru nefndar hugmyndir eins og samnýting á rútum með Borgarnesi eða Akranesi, ráðfæra sig við íbúa vegna tímasetningar, lækka fargjöld í vissan tíma til að koma fólki á bragðið með að nota strætisvagna auk þess stungið var upp á farþegaferju milli Grundarhverfis og Reykjavíkur.

Göngu-, hjóltreida- og reiðstígar

Það kom fram að mikil þörf er á því að leggja góða, upplýsta og vel merkta stíga jafnt fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendur.

Vistvænar samgöngur

Til að sporna gegn mengun af völdum umferðar var bent á leiðir til úrbóta, s.s. notkun hreyfilhitara og eldsneytis s.s. metans eða vetnis. Einnig var stungið upp á lestarferðum milli Kjalarness og Reykjavíkur.



„Á sumrin verða menn að ákveða hvort þeir fara af stað fyrir kl. 15 eða eftir kl. 22 á föstudögum og sunnudögum.“



„Virkar eins og fólk búi á sitt hvorum árbakkanum“

„Strætó fari oft en styttra“

„Núna finnst oss færi gott fá beina braut um sundin blá. Kjalnesingum fyndist flott á fjárhagsáætlun hana að sjá“




3. Vistvæn byggð og mannlíf Atvinnumál á vistvænum forsendum

Málefni

- Atvinnutækifæri eru fá og einhæf sökum fámennis og fjarlægðar.
- Sorphirða hvetur ekki til endurvinnslu og endurnýtingar.
- Fjarlægð frá miðborginni gerir samgöngur óvistvænar.
- Skortur á samkennd og félagsanda leiðir til einangrunar og hamlar blómlegu mannlífi.
- Þjónusta er fábreytt og því þarf að sækja hana um lengri veg, s.s. verslun og heilsugæslu.
- Ekki er ljóst hvernig á að skilgreina vistvæna byggð.

Aðgerðir

- Skapa atvinnu með því að nýta sérstöðu svæðisins; útivistarparadís, smábátahöfn, stangveiði, umhverfissetur, heilsusetur o.s.frv.
- Hanna hífbyli og byggð með tilliti til sorphirðu á vistvænum forsendum.
- Staðið verði fyrir tilraunum til nýtingar á vistvænni orku, t.d. vind- og sólarorku, metanbílum og hreyfilhiturum.
- Efla félagskennd og samvinnu íbúanna með því að stofna virk íbúasamtök.
- Koma af stað fræðslu um vistvæn málefni og sjálfbæra þróun, t.d. með námskeiðum, kapalsjónvarpi, eða stofnun umhverfisseturs.



3. Vistvæn byggð og mannlíf – Atvinnumál á vistvænum forsendum

Eftir hádegi voru á dagskrá tveir vinnuhópar, Vistvæn byggð og mannlíf og Atvinnumál á vistvænum forsendum, sem sameinaðir voru í einn hóp þar sem þátttakendum á þinginu hafði fækkað nokkuð frá því um morguninn og voru nú orðnir um 40.

Atvinnutækifæri fá og einhæf.

Fram kom að atvinnutækifæri væru bæði of fá og einhæf vegna fólksfæðar og fjarlægðar. Bent var á atvinnumöguleika tengda sögulegri sérstöðu Kjalarness og náttúrunni sem býður upp á marga útivistarmöguleika, jafnt á sjó sem landi. Einnig var stungið upp á smáíðnaðaði sem t.d. gæti verið byggður á endurvinnslu, fræðslusetri með vistvænar áherslur og heilsuhóteli niðri við sjóinn.

Sorp og mengun

Sorphirða og mengun frá verksmiðjubúskap í nágrenni Grundahverfis hvíldi nokkuð á þátttakendum. Óskað var eftir að sorphirða yrði bætt og að íbúar yrðu hvattir til heimajarðgerðar og endurvinnslu. Koma þyrfti í veg fyrir að óþef leggði yfir byggð frá stórfyrirtækjum á sviði landbúnaðar þar sem það samræmdist ekki hugmyndum um vistvæna byggð og gerði útivist oft á tíðum óaðlaðandi.

Samfélag

Mikið var rætt um að skortur á félagsanda hamlaði blómlegri byggð á Kjalarnesi. Íbúana vanti vettvang til að kynnst hver öðrum þar sem flesta þjónustu þurfi að sækja út fyrir Kjalarnes. Mikill áhugi var fyrir því að skapa öflug íbúasamtök til að vinna að bættu mannlífi. Hægt væri að nýta Fólkvang eða skólahúsnæði til tómstundastarfs og fræðslu og voru nokkur dæmi nefnd s.s. félagsmiðstöð, námskeið og endurmenntun. Rætt var um að bæta þyrfti samvinnu milli landeigenda og annarra íbúa til þess að skapa sátt um vistvænar leiðir í samfélaginu.

Vistvæn byggð

Margir viku að því að íbúar þekktu ekki nógu vel hvað fælist í hugtakinu vistvæn byggð. Ekki skorti þó áhuga þátttakenda á vistvænum áherslum. Lagt var til að ýtt yrði undir notkun vistvænna orkugjafa s.s. sólarorku, vindorku eða jafnvel orku sjávarfaalla og að Kjalarnes yrði til fyrirmyndar í orkumálum. Stuðlað yrði að notkun hreyfilhitara og að metan eða aðrir lítið mengandi orkugjafar yrðu notaðir til að knýja bifreiðar. Hvatt var til hugmyndasamkeppni um vistvæna byggð á Kjalarnesi.



„Þeir sem búa hérna vilja halda í þá sérstöðu að búa í dreifbýli í jaðri þéttbýlis“

„Hugmyndasamkeppni um vistvæna byggð.“



„Ákveða „Norðurbæinn“ sem framtíðar vistvænt svæði“

„Esjan: Vistvænt sameiningartákn“



4. Klébergsskóli - 4. bekkur

Málefni

- Hér er gaman að leika sér og nóg pláss til þess.
- Það er gaman í skólanum og kennarinn er góður.
- Hverfið er gott; hægt að ganga í skólann og gott að þekkja húsin.
- Hér eru mörg falleg blóm og dýr.
- Það er lítil umferð, fáir bílar og hægt að hjóla allstaðar.

Aðgerðir

- Það vantar ruslafötur í hverfið svo fólk hætti að henda rusli á göturnar.
- Það er vond lykt af svínaskít.
- Það er ekki gengið nógu vel um strætó og strætóskýlin.
- Það er hættulegt að leika sér sumstaðar eins og í klettunum og í skurðunum þegar snjór er yfir.
- Það vantar fleiri leiktæki í skólann.
- Það vantar meiri gróður.



4. bekkur Klébergsskóla. Ljósmyndina tók Bára Birgisdóttir

4. Klébergsskóli - 4. bekkur

Miðvikudaginn 23. janúar var þingað með börnum í 4. bekk Klébergsskóla til að fá fram skoðanir þeirra og hugmyndir. Börnin voru beðin að svara tveimur spurningum: hvað er gott við að búa á Kjalarnesi? og hvað er ekki nógu gott á Kjalarnesi eða hvað mætti vera betra? Börnin lágu ekki á skoðunum sínum og var gaman að vinna með þeim. Hugmyndir þeirra í stórum dráttum voru eftirfarandi:

Náttúra og útivist

Börnin voru sammála um að það væri gaman að leika sér á Kjalarnesi þó gróður mætti vera meiri. Náttúran byði upp á marga möguleika til útivistar eins og að leika í fjörunni, veiða í sjónum eða ganga á Esjuna. Þó leynist víða hættur sem þau þurfa að vara sig á eins og að leika sér í klettunum eða í skurðunum þegar snjór er yfir. Þau minntust einnig á það hversu gott pláss væri til leikja.

Sorp og mengun

Sorpmálin voru ofarlega í huga barnanna. Fannst þeim íbúar Kjalarness ekki ganga nógu vel um hverfið sitt og kvörtuðu yfir vondri lykt frá svínabúum í nágrenninu. Þau hvöttu til þess að fleiri ruslafötum yrði komið fyrir í Grundarhverfi og að fólk myndi hætta að henda rusli á göturnar.

Dýrin

Dýrin skipa veglegan sess hjá þingmönnum ungu. Var greinileg ánægja hjá þeim yfir nálægðinni við dýrin og orðuðu þau það þannig að það væru mörg dýr, sætar mýs og fallegir fuglar. Þau vilja þó að kettir hafi hálsólar til þess að vernda fuglana og að hundar gangi ekki lausir.

Umferð

Mikil ánægja kom fram hjá börnunum yfir því hversu fáir bílar og lítill umferð væri í Grundarhverfi og að hægt væri að hjóla allstaðar.

Samfélag

Almenn ánægja var með mannlífið á Kjalarnesi. Minnst var á að þar væru margir skemmtilegir krakkar til að leika við og að fólkið væri gott þó nefnt hafi verið að minnka þyrfti stríðni. Einnig kom fram að auðvelt væri að þekkja húsin í Grundarhverfi. Athugasemdir komu fram sem beindust helst að unglingunum og þeim fullorðnu um reykingar sem börnin vildu helst að fólk legði af.



„Esjan sést eins og málverk þegar sólin skín á hana“

„Gott að getað gengið í skólann“



„Gaman að leika í fjörunni“

„Margir og skemmtilegir krakkar“



5. Klébergsskóli - 9. og 10. bekkur

Málefni

- Það vantar félagsmiðstöð og tómstundastarf fyrir ungt fólk.
- Það vantar stærri strætisvagna og tíðari áætlunarferðir.
- Það er of langt í bæinn til þess að sinna áhugamálum og félagsþörf.
- Vantar verslanir og þjónustu eins og hraðbanka, vídeoleigu, líkamsrækt, bakarí, kaffihús og bíó.
- Það vantar betri íþróttastöðu.
- Það þarf að ljúka við skólabygginguna og bæta tölvustöðu í skólanum.

Aðgerðir

- Reyna að fá verslanir til að opna útibú á Kjalarnesi.
- Fá fleiri strætisvagna í umferð og láta fólk sjálft ákveða áætlunartíma vagnanna.
- Hækka fargjöld í strætó. Þannig fær Borgarsjóður meiri pening til að fjölga strætóferðum.
- Breyta Fólkvangi í félagsmiðstöð og bjóða þar upp á ýmsa tómstundaiðkun t.d. fá klifurvegg.
- Skipuleggja rútuferðir í bæinn á íþróttæfingar.
- Ekki eyða peningunum í tónlistarhús og vegavinnu,- eyða þeim frekar í skólastarfið.
- Tala nóg um málin, vera nógu frek og burt með neikvæðnina.



9. og 10. bekkur Klébergsskóla

5. Klébergsskóli 9. - 10. bekkur

Nemendur í 9. og 10. bekk Klébergsskóla voru heimsóttir eftir hádegi, miðvikudaginn 23. mars á sama hátt og gert hafði verið fyrr um daginn með nemendum í 4. bekk. Hér á eftir má sjá hugmyndir unga fólksins um byggð á Kjalarnesi.

Félagsmál og tómstundir

Það kom fram hjá unga fólkinu að það vantar félagsmiðstöð þar sem þau gætu komið saman og stundað áhugamál sín. Almenn fannst þeim fáir möguleikar til tómstunda og íþróttar á Kjalarnesi. Þau stungu upp á að Fólkvangur yrði nýttur sem félagsmiðstöð og til tómstundastarfs. Einnig komu fram óskir um að unglingadeild yrði stofnuð við björgunarsveitina. Stungið var upp á rútuferðum til Reykjavíkur eða Mosfellsbæjar á íþróttæfingar.

Verslun og þjónusta

Ungt fólk sækir í vissa þjónustu eins og vídeoleigur, sjoppur, bakarí, kvikmyndahús, kaffihús, líkamsrækt, fataverslanir o.s.frv. Meðal hópsins kom það skýrt fram að þeim fannst vanta þessa þjónustu á Kjalarnesið. Til úrbóta var stungið upp á því að verslanir opnuðu útibú á Kjalarnesi.

Samgöngur

Innan hópsins kom fram greinileg óánægja með almenningssamgöngur milli Kjalarness og Reykjavíkur. Þar sem þau sækja tómstundir og skemmtanir í bæinn skipta góðar almenningssamgöngur þau miklu máli. Lagt var til að haft yrði samráð við íbúana um tímaáætlun strætisvagnanna og fram kom hugmynd um að samnýta rútur frá Akranesi og Borgarnesi. Einnig var stungið upp á því að fargjaldið yrði hækkað og mismunurinn notaður til þess að bjóða upp á tíðari ferðir.

Fjármál

Nemendurnir gerðu sér grein fyrir því að fjármagn þyrfti til þess að koma á mótis við kröfur þeirra um aukna þjónustu. Þau lágu ekki á liði sínu við að benda á leiðir til fjáröflunar. Stungið var upp á því að peningunum væri ekki eytt í tónlistarhús og vegavinnu heldur skyldu þeir notaðir í félagsmiðstöð og skólastarfið og íþróttastöðu. Þá var bent á að hægt væri að hækka skatta eða sækja um styrki til borgarinnar.

Skólastarf

Hópurinn kallaði eftir því að lokið yrði við skólahúsið og að tölvukostur yrði bættur.



„Auðvelt væri að útbúa t.d. Fólkvang sem félagsmiðstöð“



„Það vantar félagsmiðstöð og strætóferðir“



6. Næstu skref

- Íbúar verða að hafa frumkvæði að því að láta verkefnið heppnast.
- Það er undir hverjum og einum komið að hafa frumkvæði.
- Mikilvægt er að íbúar taki höndum saman til þess að fylgja niðurstöðum þingsins eftir, t.d. með stofnun íbúasamtaka eða samráðshóps.
- Starfið getur þróast þannig að til verði afmarkaðir hópar um einstök málefni, eða að um einn hóp verði að ræða.
- Verkefninu verði komið á framfæri við fjölmiðla.
- Mislangan tíma tekur að koma málum í framkvæmd. Gæti verið um tveggja ára ferli þar til eitthvað fer að skila sér.



6. Næstu skref

Þegar vinnu- og skipulagshópar höfðu lokið störfum var langt liðið á daginn og komið að því að ræða næstu skref varðandi vistvæna byggð á Kjalarnesi. Þátttakendur töldu mikilvægt að setja strax niður helstu línur í að fylgja hugmyndunum eftir sem fram höfðu komið á þinginu. Lagði hópurinn áherslu á eftirfarandi mál:

Frumkvæði og samstarf

Það var samdóma álit þátttakenda að eftirfylgni við verkefnið byggist að miklu leyti á íbúunum sjálfum sem verða að hafa frumkvæði að því að gott samstarf takist milli borgaryfirvalda, hagsmunaaðila á svæðinu og íbúa. Óskað var eftir skýrum skilaboðum og stuðningi frá yfirvöldum til að taka næstu skref í uppbyggingu vistvænnar byggðar; hversu mikið skuli lagt í verkefnið og eftirfylgnina af hálfu borgaryfirvalda.

Íbúasamtök

Talið var mikilvægt að efla félagsandann og stofna íbúasamtök til að fylgja niðurstöðum þingsins eftir. Þegar þessi orð eru skrifuð í marsbyrjun eru íbúasamtökin orðin að veruleika en þau voru formlega stofnuð skömmu eftir þingið og munu taka virkan þátt í framhaldi verkefnisins "Undir Esjunni", um uppbyggingu vistvænnar byggðar á Kjalarnesi.

Hugmyndum fundinn farvegur

Það kom fram að mikilvægt væri að fylgja niðurstöðum þingsins vel eftir og koma einhverjum málefnum til framkvæmda strax. Þátttakendur lögðu áherslu á að það myndi hvetja fólk til frekari þátttöku í samfélagsmótun ef fljótlega verði sýnilegur árangur af þeirri hugmyndavinnu sem átti sér stað á þinginu.



„Mikilvægt að fá einhver viðbrögð strax, ef halda á fólki við efnið“

„Skýr skilaboð og stuðningur komi frá borgaryfirvöldum“




„Undir hverjum og einum komið að láta þetta heppnast og hafa frumkvæði“

„Leiða saman kjörna fulltrúa og íbúa, til að vinna sam-eiginlegar tillögur“



Niðurstöður hópa



„Golfvöllur til að hafa eitthvað að gera“



„Torg með brunni í miðbænum og lækur rennur í gegn“

7. Draumabærinn / draumamiðbærinn

Lykill fyrir kort

1. Kirkja uppi á hæðinni
2. Brautarholtsvegur færður fyrir ofan byggðina
3. Skjólbelti fyrir Grundarhverfi
4. Meiri gróður og tré milli húsanna í hverfinu
5. Lækurinn felldur inn í miðbæinn
6. Menntaskóli / háskóli
7. Torg
8. Miðbær með verslunum, heilsugæslustöð, skyndibitastað, bakarí, kaffihús, videoleiga, bókasafn með tölvum fyrir alla að nota, félagsmiðstöð, veitingastaðir
=> tveggja hæða miðbær
9. Bílastæði - enga bíla í miðbænum
10. Undirgöng, a.m.k. umferðaskilti
11. Hjólreiðastíg í miðbæ
12. Nota fólkvang sem félagsmiðstöð í byrjun
13. Stærri tækjasal í íþróttahúsinu
14. Smábátahöfn



Niðurstöður hópa



8. Vistvæn byggð - í átt að útópíu - á leið til himna

Lykill fyrir kort

1. Vistvæn byggð með sjálfbærri þróun
2. Ný vistvæn byggð
3. Grundarhverfi verði gert vistvænt
4. Hreinn sjór
5. Hreinar strendur
6. Skjól á leiðinni milli heimili og skóla
7. Skjólbelti fyrir komandi byggð
8. Lýsing lýsi ekki upp himininn, en lýsi fólki á leið sinni
9. Vesturlandsvegurinn færður nær fjallinu til að fría byggðina við umferð
10. Lágmarka lykt frá landbúnaði
11. Vinna metangas og moltu úr svínaskít
12. Gáma undir flokkað sorp
13. Stórar lóðir fyrir smábúskap
14. Græni trefillinn og skógrækt
15. Sundabraut mikilvæg



*„Ekki hrekja landbúnað út í
ystu myrkur“*

*„Hugsjónir og hagfræði vinni
saman“*



*„Íbúar viti að hverju þeir
ganga“*



9. Samgöngur - Hreyfing í fyrirrúmi

Lykill fyrir kort

1. Undirgöngur undir þjóðveg
2. Umferðamiðstöð fyrir almenningssvagna og fleiri ferðir til og frá Kjalarnesi í bæinn
3. Aðrein og tengibraut við þjóðveg
4. Bílalaust hverfi – bílum lagt fyrir utan hverfi
5. Stígakerfi meðfram ströndinni
6. Hestamiðstöð við Arnarholt og reiðstíga
7. Smábátahöfn og ferju til og frá miðborg
8. Sundabrautarveg í forgang
9. Þjóðvegur færður upp í Græna trefilinn undir Esjunni
10. Efla handverksiðnað í hverfinu, athafnasvæði á Esjumela
11. Flugvöll ofan á Esjunni




„Einn bíll per ökuskríteini“

*„Ferja í Reykjavík fyrir
17. júní“*

*„Rafbílar sem gætu flutt fólk
og Hagkaupspokana heim“*



Niðurstöður hópa



10. Útivist í öndvegi

Lykill fyrir kort

1. Smábátahöfn fyrir ferjusiglingar og skemmtibáta
2. Veiði í Blikdal
3. Golfvöllir
4. Motorcrossbrautir
5. Þjónustumiðstöð uppi á Esjunni
6. Kláfur upp á fjallið
7. Áningarstaðir/bílastæði fyrir göngufólk, hjólréiða- og hestamenn
8. Beitarhólf
9. Náttúrusetur í Grundarhverfi fyrir ferðamenn
10. Sjósport, t.d. jetski og sjóskíði
----- Göngu og reiðstígar



„Útivist er félagslíf“




„Menn vilja betra aðgengi að fjörum og fjalli“

Markmið

- Merkja sögu- og stríðsminjar og örnefni.
- Aðgerðaáætlun um ræktun Græna trefilsins í Esjuhlíðum.
- Kortleggja reiðleiðir á Kjalarnesi.
- Nýta náttúruna á Kjalarnesi fyrir malbiksbörn borgarinnar.
- Gera náttúrusetur
- Laða að ferðamenn með útsýnissiglingum.
- Útivist er félagslíf, stofna gönguhópa.



„Bíllaus hverfi í framtíðar-byggð“



11. Hjartað í byggðinni

Lykill fyrir kort

1. Miðja með torgi, kirkja, menningarhús með bókasafni, kaffihúsi, félagsstarfi og listasmiðju
2. Tengsl á milli miðju og skóla / leikskóla -> hjóla og göngustígur
3. Heilsubbyggð á vistvænum forsendum
4. Fjölskyldugarður í Grundarhverfi
5. Ósnortið útivistarsvæði á nesinu
6. Aðstaða fyrir hestamennsku inni í byggðinni
7. Skjólbelti meðfram Brautarholtsvegi – matjurtagarðar fyrir neðan
8. Hverfismarkmið – vistvænir lifnaðarhættir
9. Golfvöllur
10. Flokkun / endurnýting
11. Göngustígar meðfram ströndinni
12. Smábátabryggja



„Blanda af mismunandi húsalóðum“

„Míní Gerðuberg“

„Lítið hverfi þar sem eru íbúðarhús og hesthús“

„Draumar kosta ekki peninga eins og danskurinn sagði“



12. Hugmyndir frá leikskólabörnum



„Leikskóli með músum og krummum“



„Lifandi hurð á leikskólanum“



Framtíðarsýn á skipulag

Niðurstaða opins þing um skipulagsmál á Kjalarnesi var í megin dráttum samstíga áherslum þeim sem fram koma í Aðalskipulagi fyrir Reykjavík 2001-2024 sem er að viðhalda að mestu núverandi landnotkun á Kjalarnesi sem að stærstum hluta er landbúnaðarsvæði. Sama kemur fram í tillögu samstarfsnefndar um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur, dags. í maí 1997, en þar segir "Við skipulag svæðisins norðan Kollafjarðar yrði lögð áhersla á að varðveita ímynd þess sem dreifbýlis- og landbúnaðarhéraðs."

Grundarhverfi

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er gert ráð fyrir að styrkja byggðakjarnann í Grundarhverfi. Á skipulagstímabilinu er gert ráð fyrir að hann vaxi vestur með strönd Hofsvíkur og sunnan Brautarholtsvegar sem færður verður norður fyrir byggðina. Segir í greinargerð skipulagsins að almennt sé miðað við að þéttbýliskjarninn í Grundarhverfi taki mið af þeirri þróun sem er að gerast í skipulagi vistvænnar byggðar og að þá sé horft til orkunýtingar, byggingarefna og hvernig staðið verði að sormálum og almennra umhverfisgæða, s.s. myndun skjóls og tengsl íbúa og umhverfis. Er það í samræmi við það sem kemur fram í tillögu samstarfsnefndar um sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkur en þar er "...varpað fram þeirri hugmynd, að framtíðarsýn fyrir skipulag á Kjalarnesi taki mið af því, sem er að gerast á alþjóðlegum vettvangi í þróun byggðar, það er þróun vistvænnar byggðar." Niðurstöður á opna þinginu voru í sama anda en þar var lögð áhersla á að uppbyggingin í Grundarhverfi verði í anda vistvænna markmiða og boðið verði upp á fjölbreytilega möguleika fyrir vistvæna lifnaðarhætti og lífsmunstur í nánum tengslum við náttúruna, til dæmis með því að bjóða upp á lóðir þar sem hægt verði að hafa hesta í gerði.

Í vinnuhópum á þinginu um skipulag Grundarhverfis kom fram að sterk þörf er fyrir byggðamiðju með menningarhúsi, kirkju og verslunum, þar sem í boði væri almenn þjónusta við íbúana og afþreyingamöguleikar fyrir alla aldurshópa. Voru hóparnir einnig sammála að slík miðja væri best staðsett vestan núverandi byggðar. Jafnframt komu fram hugmyndir um að styrkja þyrfti gönguleiðir og hjóltreistíga á svæðinu og setja skjólbelti og matjurtagarða meðfram Brautarholtsvegi þar sem skjólbelti gæfu skjól fyrir umferðagný og erfiðri norðanátt. Sem hluti af sjálfbærum lífsháttum þyrfti að gefa kost á garðlöndum fyrir matjurtaræktun. Garðlönd meðfram



"Menn hafa það svo gott hér á Kjalarnesi"



"Í skipulagi sé skilgreint skýrt hvað á við á hverju svæði"



Aðalskipulag Reykjavíkur
2001 - 2024

Þéttbýlisuppráttur

Skýringar

Kortagrunnur (ekki staðfestur)

skjólbeltunum, nýttu skjólið af trjánum, væru í lágmarksfjarlægð frá byggðinni og mynduðu fjarlægð milli vegar og byggðar.

Á þéttbýlisupprátti aðalskipulagstillögu sem lá frammi á opnu þingi var gert ráð fyrir reit með lítilli íbúðabyggð fyrir tilraunahús á Álfsnesi vestan þjóðveggarins næst Leirvogsa. Þessi reitur var hins vegar tekinn út af upprættinum áður en borgarstjórn samþykkti tillöguna í apríl 2002. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir stækkun Grundarhverfis og má sjá fyrir sér í framhaldi af opnu þingi að reitur fyrir vistvæna tilraunabyggð sé jafnvel betur fyrirkomið í tengslum við og sem hluti af Grundarhverfi, heldur en sem einangraður nýr kjarni á Álfsnesi.

Norðan nýs Brautarholtsvegar er gert ráð fyrir óbreyttri landnotkun í aðalskipulaginu, þar sem megin áherslan verður áfram á að nýta land sem almennt

Á þéttbýlisuppdraetti aðalskipulagstillögu sem lá frammi á opnu þingi var gert ráð fyrir reit með lítilli íbúðabyggð fyrir tilraunahús á Álfsnesi vestan Þjóðvegarins næst Leirvogsá. Þessi reitur var hins vegar tekinn út af uppdraettinum áður en borgarstjórn samþykkti tillöguna í apríl 2002. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir stækkun Grundarhverfis og má sjá fyrir sér í framhaldi af opnu þingi að reitur fyrir vistvæna tilraunabyggð sé jafnvel betur fyrirkomið í tengslum við og sem hluti af Grundarhverfi, heldur en sem einangraður nýr kjarni á Álfsnesi.

Norðan nýs Brautarholtsvegur er gert ráð fyrir óbreyttri landnotkun í aðalskipulaginu, þar sem megin áherslan verður áfram á að nýta land sem almennt

landbúnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir að í tengslum við íbúðabyggðina í Grundarhverfi en norðan Brautarholtsveggar geti risið hesthúsahverfi, sem þjónað geti íbúum svæðisins.

Útivist og skógrækt

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir belti á á jöðrum þéttbýlissvæðisins í Reykjavík til uppgræðslu, skógræktar og skjólmyndunar og til að auka útivistargildi almennt. Þetta belti er nefnt „Græni trefillinn“. Á Kjalarnesi er gert er ráð fyrir að hann liggi um Kollafjörðinn, meðfram vesturhlíðum Esjunnar og inn á Blikdal. Niður af „Græna treflinum“ verður gróðursett skjólbelti á mörkum jarða og smábýla vestan í Esjunni. Í suðurhlíðum Esjunnar, á jörðum Mógilsár og Kollafjarðar hefur nýlega verið samþykkt deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir að landnotkun muni tengjast fjölbreyttum útivistarmöguleikum og skógrækt í hlíðum Esjunnar.

Mikill einhugur var á þinginu um að hefja vinnu við „Græna trefilinn“ sem fyrst. Í vinnuhópum á þinginu komu fram hugmyndir um að færa þjóðveginn sjálfan upp í græna trefilinn ofan byggðar þar sem færsla á umferð upp fyrir byggðina myndi skapast betri lífsskilyrði í byggðinni sjálfri. Þegar skógrækt í græna treflinum hefur náð sér á strik með vesturhlíðum Esjunnar myndi vegurinn fá skjól fyrir vindi og skriðuföllum, að mati þeirra sem komu fram með tillögurnar.

Í tengslum við útivistaraðstöðu og gönguleiðir í landi Mógilsár og Kollafjarðar kom fram á þinginu vilji til þess að stefnt yrði að því að opna aftur fyrir gangandi og ríðandi umferð hina fornu leið ofan byggðar með vesturhlíðum Esjunnar. Þar megi með einföldum aðgerðum og samþykki landeigenda taka aftur í notkun gamlar götur sem liggja að mestu um gróið land þar sem víða er mjög fagurt útsýni. Jafnframt að gera ráð fyrir almennum umgengnisrétti, göngustígum og gönguleiðum, með ströndum á Kjalarnesi. Komu fram sterkar óskir á þinginu um að bæta merkingar bæði við þjóðveginn og við göngustíga til þess að vegfarendur fengju gleggri upplýsingar um það landi sem þeir ættu leið um.

Samgöngur

Á þingingu var lögð áhersla á að stefna að auknu umferðaöryggi í tengslum við Vesturlandsveg á Kjalarnesi, gatnamótum og innkeyrslum yrði fækkað og þau gerð öruggari. Jafnframt að lagðar yrðu safngötur beggja vegna þjóðvegarins sem tengdu einstakar jarðir meðfram veginum inn á öruggari gatnamót. Við Klébergsskóla ætti að setja ný undirgöng fyrir léttu umferð smærri bíla og gangandi vegfarenda, svo sem skólabarna, sem tengdi



"Ekki þetta byggðina!"



"Stærri lóðir til ræktunr - vistvænt"



Niðurstöður

Framtíðarsýn á skipulag



"Laða að ferðamenn með útsýnis-siglingu"

safngötu austan vegarins við Grundarhverfi undir Vesturlandsveg Með færslu Brautarholtsveg norður fyrir uppbyggingasvæði Grundarhverfis þyrfti að gera ný gatnamót við þjóðveginn norðan hverfisins sem tryggja örugga umferð að og frá hverfinu.

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir göngubrú/undirgöngum við Klébergsskóla/Fólkvang og í tengslum við reiðleiðir á Kjalarnesi er gert ráð fyrir undirgöngum undir Vesturlandsveg nálægt Arnarhamri.

Smábátahöfn

Í umræðum um drauma og lausnir og hjá flestum vinnuhópum á þinginu komu fram hugmyndir um að gera smábáta- og ferjuhöfn við Grundarhverfi, sem myndi hafa mjög jákvæð áhrif á byggðagæði í hverfinu og efla atvinnutækifæri svæðisins. Við lokaafgreiðslu aðalskipulagsins í borgarstjórn var ákveðið að gera ráð fyrir smábátahöfn við Grundarhverfi. Á þinginu komu fram hugmyndir um að í framhaldi af nýrri höfn og í tengslum við golfvelli á svæðinu mætti reisa heilsuhótel, þar sem boðið yrði upp á víðtæka þjónustu sem nýtti náttúrufegurð og útivistarmöguleika svæðisins.



Hér fer á eftir listi yfir helstu verkefni sem þátttakendur á þinginu lögðu áherslu á að ýta þurfi úr vör til eflingar og uppbyggingar byggðar á Kjalarnesi.

Græni trefillinn

- Hafist verði handa við frekari gróðursetningu á Kjalarnesi, strax sumarið 2002, til að planta í "Græna trefillinn" og fjölga skjólbeltum, t.d. í samvinnu við Vinnuskóla Reykjavíkur, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Vesturlandsskóga.

Ræktun í Grundarhverfi

- Stuðla að ræktunarátaki í Grundarhverfi.

Umferðaröryggi

- Koma upp að- og afreinum á Vesturlandsvegi, hann lýstur og sett undirgöng við Grundarhverfi fyrir minni bíla ásamt gangandi og hjólandi umferð.

Almenningssamgöngur

- Gera könnun meðal íbúa Kjalarness til að kortleggja ferðabörf, m.t.t. tíðni og tímasetninga og notkunar minni og vistvænna bíla. Jafnframt verði kannað hvort mögulegt sé að tengja ferðir á Kjalarnes, áætlunarferðum til og frá Vesturlandi.

Samgöngur – stytta vegalengdir

- Flýta lagningu Sundabrautar eins og kostur er.

Vistvænar samgöngur

- Nota vistvæna samgöngumáta til ferða að og frá Kjalarnesi, t.d. með metanstrætó.
- Hvetja íbúa til að nota hreyfilhitara.

Göngu-, og hjólreiðastígar

- Móta heildstætt skipulag fyrir göngu- og hjólreiðastíga og tengja göngustíganeti höfuðborgarsvæðisins.
- Leggja göngustíg meðfram sjónum með upplýsingakortum; fuglar, gróður, örnefni og annan fróðleik.
- Opna og lagfæra göngu- og reiðstíga, ofan byggðar með hlíðum Esjunnar.

Reiðstígar og hestamennska

- Sett verði á fót nefnd hagsmunaaðila til að koma með tillögur að heildarskipulagi reiðstíga á öllu Kjalarnesssvæðinu.

Merkingar

- Bæta merkingar um Kjalarnes á þjóðvegi 1 og innan svæðis, m.a. í tengslum við lagningu stíga.

Ferðapjónusta

- Vinna arðsemisathugun vegna möguleika á uppbyggingu ferðapjónustu á Kjalarnesi.

Veðurfarsathuganir

- Gera veðurfarsathuganir á svæðinu og nýta niðurstöður við frekari útfærslu skipulags.

Umhverfi og umgengni

- Tryggja að malarnám í Kollafirði uppfylli skilyrði um umgengni og frágang.
- Tryggja að fylgt sé ítrustu kröfum um varnir gegn mengun frá atvinnustarfsemi.
- Hreinsa fjörur reglulega, hefja starfið sumarið 2002.

Vistvæn byggð

- Stofna sjóð sem styrkir vistvæn verkefni.
- Athuga með hvaða hætti er hægt að umbuna vistvænum fjölskyldum og fyrirtækjum.
- Skoða hvort kostur sé á þátttöku í Evrópusambandsverkefnum og innlendum rannsóknaverkefnum um vistvæna byggð.
- Efla fræðslu um vistvæna byggð og lífnaðarhætti.

Leikskóli

- Byggja vistvænan leikskóla á Kjalarnesi sem fyrst, samkvæmt þeim hugmyndum sem liggja fyrir.

Þjónusta

- Tryggja að íbúum sé ljóst hvert þeir eigi að sækja heilbrigðisþjónustu, sem næst sinni heimabyggð.
- Setja á fót félagsmiðstöð með aðstoð unglunga og áhugasamra íbúa.

Mannlíf

- Virkja íbúaorkuna og nýta Fólkvang til að efla samstöðu fólksins.





Niðurstöður

Framtíðarsýn fyrir Grundarhverfi



- Grundarhverfi þróist í að vera 1500 – 2000 manna byggð þar sem byggingar verða ekki hærri en tvær hæðir og heildstætt yfirbragð.
- Hjarta bæjarins yrði að Hofi þar sem væri m.a. kirkja, menningarhús og bókasafn ásamt smáverslunum.
- Mikilvægt væri að græn gönguleið yrði á milli helstu áfangastaða s.s. frá Fólkvangi og skólanum að hverfi, frá hverfi að fjölskyldugarði o.s.frv.
- Styrkur hverfisins felst í staðsetningunni "milli fjalls og fjöru", sem hægt yrði að nýta sér við markaðssetningu á ferðapjónustu, s.s. heilsubyggð á vistvænum forsendum og smábátahöfn.
- Í Grundarhverfi væri hægt að koma upp fjölskyldugarði með "fallegum" leiktækjum til að koma með börn sín á góðum degi, setjast niður, grilla og jafnvel skauta á veturna.
- Svæðið á nesinu ætti að vera ósnortið enda náttúruperla sem ekki verður betri af mannavöldum.
- Hestamönnum ætti að gera hátt undir höfði og gera ráð fyrir stórum lóðum þar sem hægt væri að vera með hesthús og íbúðarhús á sömu lóð – sambýli hesta og manna.
- Trjágróður eða skjólbelti yrði meðfram Brautarholtsvegi sem yrði færður ofan við Arnarholt til að gefa byggðinni meira rými. Þar fyrir neðan yrði svæði fyrir matjurtagarða íbúa, sem myndi m.a. styrkja félagslega þáttinn.
- Blönduð byggð, ungir jafnt sem aldraðir og öldruðum gert hátt undir höfði.
- Golfvöllurinn yrði í jaðri byggðar nálægt heilsubyggðinni.
- Lögð yrði áhersla á flokkun og endurnýtingu sorps og m.a. hestaskítur nýttur sem áburður.
- Efla ætti félagslega þáttinn og þjónustu og hjarta í hverfinu, - hjarta sem slær. Þannig yrði aðlaðandi að búa á svæðinu og fleiri myndu ílengjast í "sveitasælu með öllum þægindum".
- Smábátabryggja, höfnin yrði aðlaðandi og spennandi fyrir íbúa og aðkomufólk.

Niðurstöður

Vistvæn byggð á Kjalarnesi

Skilgreining á vistvænni byggð

Margar útfærslur eru til á hugmyndinni um vistvæna byggð. Hvernig staðið er að slíkri byggð fer eftir landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum á hverjum stað auk þess sem byggðinni er smíðaður rammi í samræmi við vilja yfirvalda og íbúa sem þar koma til með að búa. Hugmyndin um vistvæna byggð hvílir á þremur hornsteinum: Samfélagi, menningu og vistfræði. Þegar hugað er að vistvænni byggð eru allir þessir þættir ígrundaðir.

Global Ecovillage Network, sem eru alþjóðasamtök vistvænna byggða, skilgreina vistvæna byggð á eftirfarandi hátt:

“Hugmyndin að baki vistvænni byggð, sem er til í mismunandi útfærslum, er sú að snúa við þeirri þróun í nútíma lifnaðarháttum sem hafa fært mannfólkið frá náttúrunni og sundrað félagslegum og menningarlegum grunni samfélagsins. Um leið er reynt að sporna við miklum ágangi á auðlindir jarðar og spillingu á náttúrunni.”


Hugmyndir þátttakenda um vistvæna byggð

Skipulagning opna þingsins um vistvæna byggð beindist að því að fá frá þátttakendum þeirra hugmyndir um vistvæna byggð. Fljótlega eftir að þingið hófst kom í ljós að þátttakendum fannst skortur á skilgreiningu á vistvænni byggð hamla þeim í hugmyndavinnunni.

Þrátt fyrir það komu margar hugmyndir fram hjá þátttakendum um vistvænar áherslur á Kjalarnesi sem skipta má í fjóra flokka: Sorp, orka, samgöngur og þjónusta/samfélag.

Sorp

Hugmyndir almennings um umhverfismál og vistvæna lífshætti eru oft tengdar sorpmálum enda eru þau mál mjög sýnileg og snerta daglegt líf fólks. Enda snerust flestar hugmyndir um vistvæna byggð um sormál. Fólk lýsti eftir betri sorphirðu sem taki við flokkuðu sorpi til endurnýtingar og stungið var upp á endurnýtingu hrossataðs sem túnaburðar. Bent var á að gera þurfi ráð fyrir flokkun úrgangs og jarðgerð við hönnun húsa. Mikill áhugi var á jarðgerð og stungið var upp á því að sameiginlegum jarðgerðarhaugi verði komið fyrir á aðgengilegum stað og íbúar gætu farið þangað með sinn lífræna úrgang. Moltuna má síðan nýta í þágu íbúanna. Einnig var varpað fram hugmynd um að úrgangur frá verksmiðjubúum verði notaður til gróðursetningar og skógræktar.



Hringrás matar

“Ábyrg og framsýn umhverfisstjórnun hjá fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu”



Mynd eftir nemendur í 4. bekk Klébergsskóla.



Niðurstöður

Vistvæn byggð á Kjalarnesi



"Við viljum ekki nein fjölbýlishús"

"Að borgararnir vinni áfram saman á þeirri braut sem nú er verið að marka – vistvænt"



Mynd eftir nemendur í 4. bekk Klébergsskóla.

Orka

Margar hugmyndir komu fram á þinginu sem lúta að vistvænni orkunotkun. Stungið var upp á því metan verði unnið úr svínaskít og almenningsfarartæki knúin metanorku. Nýbyggingar verði hannaðar með tilliti til orkusparnaðar og annarra umhverfisþátta. Stungið var upp á byggingu sólarhúss.

Samgöngur

Þátttakendum var mörgum mjög umhugað um að minnka mengandi útblástur frá bifreiðum og vildu að íbúar Kjalarness yrðu hvattir á einhvern hátt til þess að nota eins lítið mengandi eldsneyti og bifreiðar og mögulegt er. Margir hvöttu til þess að Kjalnesingar yrðu fremstir í flokki í notkun vistvænnar orku s.s. díselolíu sem unnin er úr dýrafitu, vindorku og sólarorku svo eitthvað sé nefnt. Til þess að draga úr mengun af völdum einkabílsins var stungið upp á notkun hreyfilhitara og hvatt til þess að lagningu Sundabrautar verði hraðað. Einnig var bent á að fjölga þurfi ferðum strætisvagna sú hugmynd kom fram í einum skipulagshópnum að miðbær Grundarhverfis verði lokaður fyrir umferð bíla utan rafmagnsbíla.

Þjónusta og samfélag

Hjá þátttakendum kom fram sterkur vilji til þess að efla félagsvitund og félagslíf í byggðinni. Til þess þurfi að skapa miðbæjarkjarna sem verði eins og hjartað í byggðinni. Þar verði hægt að nálgast alla helstu þjónustu og jafnframt verði þar miðstöð félagslífs. Með hjarta í bænum myndu félagsleg tengsl milli íbúa styrkjast og þar með ábyrgðarkennd og samstaða sem er mikilvægur þáttur í vistvænni byggð. Sú hugmynd kom fram að byggt verði gróðurhús knúið vindorku, þar sem íbúar geti ræktað sitt eigið grænmeti. Þannig verður byggðin nær því að vera sjálfbær og um leið vistvænni, en sú ósk kom fram hjá mörgum að samfélagið á Kjalarnesi verði sem sjálfbærast hvað varðar þjónustu og alla aðdrætti. Þátttakendur vildu ekki að Grundarhverfi tapaði þorpsyfirbragðinu og var rætt um að íbúafjöldi megi ekki fara yfir um 1500 manns og að hús verði ekki hærri en tveggja hæða. Vilji var fyrir því að boðið verði upp á stórar lóðir fyrir hestamenn, frístundabændur og aðra sem gætu haft áhuga á garðyrkju, skógrækt o.s.frv.

Næstu skref í átt til vistvænnar byggðar

Ljóst er að opið þing á Kjalarnesi gaf margar hugmyndir sem hægt er að nota til skipulagningar vistvænnar byggðar. Næstu skref eru í höndum borgaryfirvalda. Móta þarf stefnu og útfæra hana í framkvæmdaáætlun þar sem tillit er tekið til skilaboða sem fram komu á þinginu.

Eftirfylgni

Áður en þingið "Undir Esjunni" var haldið, hafði Samstarfsráð Kjalarness tekið ákvörðun um að niðurstöðum þess yrði fylgt eftir í áframhaldandi samstarfi við íbúa og að stofnað yrði til samráðshóps í kjölfar þess. Ákveðið var að hlusta eftir sjónarmiðum þeirra sem taka vildu þátt í slíkum samráðshópi, um frekari útfærslu, s.s. hvort um yrði að ræða einn hóp eða að skipt yrði í smærri hópa eftir viðfangsefnum. Markmiðið var að Samstarfsráðið, sem tengiliður við borgaryfirvöld myndi leiða það starf áfram að koma hugmyndum þingsins í farveg, en að íbúar yrðu þar ekki síður í lykilhlutverki.

Íbúasamtök Kjalarness

Um nokkurn tíma mun hafa verið áhugi á því meðal íbúa Kjalarness, að stofna íbúasamtök. Íbúabingið virkaði sem aflvaki til þess að hrinda hugmyndinni í framkvæmd og þann 20. febrúar var boðið til stofnfundar Íbúasamtaka Kjalarness og voru stofnfélagar 40 talsins. Samkvæmt lögum samtakanna, er tilgangur þeirra að vinna að framfara- og hagsmunamálum íbúa svæðisins og stuðla að samhug og samstarfi íbúanna. Settar voru á fót þrjár undirnefndir, um samgöngur og umferðaröryggi, umhverfi og útivist, fræðslumál og þjónustu. Stefnumörkun samtakanna í öllum helstu málaflokkum er mjög samhljóða niðurstöðum þingsins.

Fundur 27. febrúar

Þann 27. febrúar boðaði Samstarfsráð Kjalarness til fundar til að fylgja eftir niðurstöðum opna þingsins. Á þeim mánuði sem liðinn var frá þinginu, hafði ráðið unnið að nánari skilgreiningu á þeim umbótaverkefnum þar var kallað eftir og lögð drög að því að hafa samband við þá aðila sem átt gætu aðild að því að koma þeim til framkvæmda. Á fundinum var farið yfir helstu niðurstöður þingsins og umbótaverkefni og fjallað um aðkomu íbúasamtakanna í framhaldinu. Til viðbótar við þær þrjár nefndir sem þegar hafa verið settar á fót innan íbúasamtakanna, var rætt um að stofna nefnd sem muni fylgja eftir hugmyndum og verkefnum varðandi vistvæna byggð á Kjalarnesi.

Niðurstaða fundarins var sú að á Kjalarnesi væri orðinn til góður farvegur til að fylgja niðurstöðum opna þingsins eftir af krafti, með því að Íbúasamtök og Samstarfsráð Kjalarness tækju höndum saman.



"Við eigum að vinna með opnu hugarfari"





*Sigþór Magnússon, formaður
Íbúasamtaka Kjalarness*

**"Við sem erum í
íbúasamtökunum lítum svo á
að okkar hlutverk
sé að fylgja málum eftir"**



*Ásgeir Harðarson, formaður
Samstarfsráðs Kjalarness kynnir
umbótaverkefni*

Skipulagshugmyndir

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkurborgar mun vinna frekar úr þeim skipulagshugmyndum sem fram komu á þinginu og nýta þær sem forsögn að skipulagi svæðisins, bæði fyrir Grundarhverfi og dreifbýlið á Kjalarnesi. Þessar hugmyndir munu þó ekki hafa áhrif á uppbygginu á Álfsnesi, þar sem ekki var fjallað sérstaklega um það á þinginu. Með þinginu varð til ný framtíðarsýn í skipulagsmálum Grundarhverfis og því óhætt að segja að það hafi valdið þáttaskilum í byggðapróun á þessu svæði. Gert er ráð fyrir að vinna borgaryfirvalda með samráðshópi taki ekki einungis til umbótaverkefna, heldur einnig til áframhaldandi þróunar og útfærslu á skipulagshugmyndum.

Samstarfsráð Kjalarness

Samstarfsráð Kjalarness var stofnað eftir sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar, í júní 1998 og starfar í umboði borgarráðs. Ráðið er ráðgefandi fyrir borgarstjórn um málefni Kjalnesinga. Frá og með vori 2002 verður ráðið lagt niður og við tekur hverfaráð samkvæmt samþykkt borgarstjórnar frá 1. nóvember 2001. Hverfaráð Kjalarness verður þá formlegur samráðsvettvangur borgaryfirvalda um málefni svæðisins, líkt og hverfaráð í hinum sjö hverfum borgarinnar. Hlutverk og starfsemi hverfaráðanna er nú í mótun, en gera má ráð fyrir að í þeim verði annars vegar fulltrúar kosnir af borgarstjórn og hins vegar tilnefndir af ýmsum hagsmunaaðilum.

Eftirfylgni á þeim umbótaverkefnum og hugmyndum sem fram komu á opna þinginu verður því fyrst og fremst í höndum íbúasamtakanna annars vegar og hverfaráðs hins vegar.

Lokaorð

Meginniðurstaða opna þingsins "Undir Esjunni", var sú að íbúar á Kjalarnesi vilja efla vistvæna lífshætti og taka þátt í tilraunaverkefnum í þá átt, enda hafa slíkar umræður átt sér þar stað um nokkurn tíma. Fyrst og fremst er lögð áhersla á að byggð á Kjalarnesi þróist í sátt við náttúru með áherslu á sérstöðu svæðisins sem dreifbýli í jaðri borgarinnar. Kallað var eftir formlegri stefnumótun af hálfu borgaryfirvalda sem tæki mið af þessum áherslum. Þátttakendur voru þeirrar skoðunar að styrkur svæðisins felist m.a. í þeim gríðarlegu útivistarmöguleikum sem þar eru til staðar og töldu að leggja ætti mikla áherslu á að byggja áfram á þeim grunni, s.s. með göngustígum, merkingum og fræðslu og ræktun.




Hnignandi Kjalarnes?

Fjölgun íbúa á Kjalarnesi á undanförunum árum hefur fyrst og fremst átt sér stað í Grundarhverfi. Hverfið hefur m.a. byggst af fólki sem er að flytja til höfuðborgarsvæðisins frá landsbyggðinni og vill nýta sér kosti þess að vera utan við mesta þéttbýlið. Það má því líkja hverfinu við eins konar "landnemabyggð". Svæðið er einangrað í þeim skilningi að fjarlægðir eru miklar, almenningssamgöngur lélegar og íbúar þurfa að sækja mest alla þjónustu út fyrir Kjalarnesið. Gildi, eða verðmæti svæðisins minnkar og það á sér enga sérstaka ímynd. Ekki hefur verið lagt mikið upp úr gæðum manngerðs umhverfis eða skipulags og hverfið því ekki aðlaðandi. Umskipti á íbúum eru mikil og því myndast lítil félagsleg tengsl. Margir hafa ekki endilega hugsað sér að búa lengi á staðnum og leggja því ekki mikið uppúr því að kynnast nágrönnum sínum. Segja má, að Grundarhverfi sé einskonar "stoppistöð" fyrir fólk sem er á leið í bæinn.



Þetta byggðamynstur veikir mjög samfélagið og því er lítil samstaða fyrir hendi. Það aftur leiðir til þess að þjónustan heldur áfram að vera veikburða og hverfið ber þess merki að vera tímabundinn áfangastaður.

Þetta viðheldur þessari stöðu byggðar á Kjalarnesi að vera ekki aðeins landfræðilega einangrað, heldur jafnframt félagslega.






Til að efla byggð á Kjalarnesi, þarf virka aðkomu yfirvalda, borgaryfirvalda og jafnvel ríkisvalds í formi stefnumótunar og fjármagns. Leggja þarf áherslu á gæði í manngerðu umhverfi og byggingum sem og þjónustu og öryggismálum, sérstaklega umferðaröryggi. Ýta þarf úr vör ýmsum umbótaverkefnum, sérstaklega með vistvænum áherslum í anda niðurstaðna frá þinginu og samþykktar við sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar. Þannig eykst gildi og verðmæti svæðisins stig af stigi, sem laðar að aukna fjárfestingu einkaaðila og fyrirtækja. Það skilar jákvæðum áhrifum í samfélaginu og þjónusta fer batnandi. Þannig getur bæði Grundarhverfið og Kjalarnesið allt skapað sér sérstöðu og styrkt ímynd sína til mikilla muna. Þannig verður svæðið ekki lengur tímabundinn áfangastaður, heldur er byggt upp til framtíðar, sem aftur eykur enn á gæði byggðar á Kjalarnesi.



Uppbygging á einu nýju hverfi á höfuðborgarsvæðinu tekur ekki langan tíma. Grafarvogur byggðist upp á aðeins 15 árum. Að sama skapi gætu orðið miklar breytingar á Kjalarnesi á skömmum tíma. Opna þingið sem haldið var um vistvæna byggð á Kjalarnesi, undir yfirskriftinni "Undir Esjunni", styrkir í sessi þá stefnu sem mörkuð var við sameiningu Kjalarneshrepps og Reykjavíkurborgar. Þar með er orðin til sameiginleg framtíðarsýn borgaryfirvalda og íbúa og með því að fylgja málum eftir, geta íbúar haft ennþá meira um það að segja hvernig þetta svæði byggist upp til framtíðar.



Ef vel tekst til, getur mannlíf á Kjalarnesi framtíðarinnar orðið með þeim hætti sem séra Jón Vestmann lýsir í ljóðinu "Kjalarnesið góða.

Það skal ekki vera ýkt
Eg sem hér um ljóða:
Kátt er fólk og kærleiksríkt
Á Kjalarnesi góða.